

Ed.

698. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 51 27. júní 1941, um breyt. á l. nr. 1 5. jan. 1938, um sildarverksmiðjur.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hlutinn (þeir IngP og GÍG) vildi samþykkja frumv. óbreytt og hefur skilað um það sameiginlegu álit. Minni hlutinn getur hins vegar ekki fallið á, að frumv., eins og það liggur fyrir, sé eðlileg, nauðsynleg eða æskileg breyting á lögnum um sildarverksmiðjur frá 1941. Aðspurður gat flm. frv. ekki lagt fram nein gögn, sem bentu til þess, að fyrir lægi skipting hreppsins eða að um það væru óskir hreppshúsa og sízt, að nokkurt samkomulag væri um það mál heima fyrir. Á meðan málið stendur þannig, sér minni hlutinn enga ástæðu til þess, að Alþingi sé að ýta undir skiptingu hreppa með óeðlilegri lagabreyting. Ef frumv. verður óbreytt að lögum, er gefið fordæmi um, að hámark verksmiðjugjalds verði miðað við sameiginleg útgjöld annarra hreppa en þeirra, er verksmiðjan stendur í, og telur minni hl., að rangt sé að gefa slíkt fordæmi og að þá sé eðlilegra að miða gjaldið við þarfir viðkomandi hreppa, en slíkri breyting verður ekki komið við við l. nr. 51 frá 1941, heldur við l. nr. 1 frá 1938, enda miklu eðlilegra að gera nauðsynlegar breytingar við þau lög, fella meginmál laganna frá 1941 inn í þá breytingu og nema jafnframt lögin nr. 51 27. júní 1941 úr gildi.

Minni hlutinn leggur því til, að málið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að ekkert liggur fyrir um það, að íbúar í Presthólahreppi óski, að hreppnum sé skipt, eða jafnvel að æskilegt sé að skipta honum í tvo hreppa, og því síður, að nokkuð liggji fyrir um það, hvaða afleiðingar slík skipting mundi hafa á afkomu hinna nýju hreppa, ef hún yrði framkvæmd, sér deildin ekki ástæðu til annars en að Alþingi leiði málið hjá sér, þar til það hefur fengið meiri og eðlilegri undirbúning, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 8. apríl 1943.

Gísli Jónsson,
form., frsm.